

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða) eða hluta þessa starfsheitis.
- b. Orðið „og“ í 7. tölul. fellur brott.
- c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
10. tölvunarfræðinga.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraþrófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.